

– aðra starfsemi en framan greinir. Hvaða starfsemi ? _____

Sjá skilgreiningu á farsviði í viðauka III.

Ég undirritaður ábyrgist að nota eingöngu báta sem viðurkenndir eru af Siglingastofnun Íslands til starfseminnar og hafa við starfseminna menn með þekkingu og þjálfun eins og reglur mæla fyrir um og geri mér ljóst að samþykki Siglingastofnunar getur fallið úr gildi að öðrum kosti.

Staður og dagsetning

Undirskrift

VIÐAUKI III Skilgreining á farsviði.

Smíði og búnaður báta með mestu lengd allt að 15 metrum miðast við farsvið sem skiptist í A, B, C, D og E.

- A. **Úthaf:** Smíði og búnaður miðaður við langsiglingu við aðstæður þar sem vindhraði getur farið yfir 8 stig og ölduhæð yfir 4 metra, án þess að báturinn þurfi aðstoð.
- B. **Fjarri ströndum:** Smíði og búnaður miðaður við siglingu fjarri ströndum, þar sem vindhraði getur náð 8 stigum og ölduhæð 4 metrum.
- C. **Við strendur:** Smíði og búnaður miðaður við strandsiglingar á stórum flóum, við árósa, á vötnum og ám, þar sem vindhraði getur náð 6 stigum og ölduhæð 2 metrum.
- D. **Í skjóli:** Smíði og búnaður miðaður við siglingu á litlum vötnum, ám og fljótum, þar sem vindhraði fer ekki yfir 4 stig og ölduhæð er hámark 0,5 metrar.
- E. **Takmarkað:** Smíði og búnaður miðaður við siglingu í björtu á tímabilinu 1. apríl til 30. september á takmörkuðu svæði innan við 3 sjómílar frá landi og mest 5 sjómílar frá höfn eða bátalendingu, þar sem leita má vars eða lenda bátum ef í nauðir rekur, eða á takmörkuðu svæði á ám og á vötnum. Sjósókn er miðuð við að vindhraði fari ekki yfir 3 stig og ölduhæð sé hámark 0,3 metrar.

20. desember 1996

Nr. 662

AUGLÝSING

um innheimtuhlutfall í staðgreiðslu á árinu 1997.

Með vísan til 1. mgr. 9. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum, hefur innheimtuhlutfall útsvars í staðgreiðslu á árinu 1997 verið ákveðið 11,57%.

Fjármálaráðuneytinu, 20. desember 1996.

F. h. r.
Indriði H. Þorláksson.

Ástráður Karl Guðmundsson.